

39. gr.

Rétt til að höfða mál samkvæmt ákvæðum þessa kafla hefur sá sem telur hagsmuni sína skerta.

Mál skv. 37. og 38. gr. skulu rekin sem almenn einkamál en kröfur skv. 37. gr. er einnig heimilt að setja fram í opinberu máli.

VIII. KAFLI Ýmis ákvæði.

40. gr.

Iðnaðarráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara og gjöld samkvæmt þeim. Gjöldin skulu taka mið af kostnaði við þá þjónustu sem veitt er.

41. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar eitt ár er liðið frá staðfestingu þeirra.

Gjört í Reykjavík, 21. maí 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Jón Sigurðsson.

LÖG

**um breyting á lögum um ávana- og fíkniefni,
nr. 65 21. maí 1974.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í 5. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr., svohljóðandi:

Refsingu skv. 1. mgr. skal sá sæta sem af ásetningi tekur við eða aflar sér eða öðrum ávinningi af broti gegn lögum þessum. Sömu refsingu skal sá sæta sem geymir eða flytur slíkan ávinning, aðstoðar við afhendingu hans eða stuðlar á annan sambærilegan hátt að því að tryggja öðrum ávinning af slíku broti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 7. maí 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Jóhanna Sigurðardóttir.